

Nemandi á þessu þrepi þekkir og notar málið á blæbrigðaríkan og viðeigandi hátt í margvíslegum tilgangi. Hann er meðvitaður um gildi þess að hlusta og haga máli sínu með ólíku sniði til að auka áhrifamatt samskiptanna. Hann hlustar af athygli í samræðum og sem áheyrandi. Nemandinn getur beitt fjölbreyttum aðferðum til að skilja óþekkt orð og krefjandi texta eins og fagtexta, skáldsögur og ritgerðir. Hann beitir þekkingu sinni á efninu, málfræði, málvenjum og uppbyggingu texta til að dýpka skilning sinn og draga ályktanir. Nemandi hefur vald á flestum þáttum ritunar og nýtir sér sívaxandi orðaforða og þekkingu á málinu við að skrifa ýmsar textategundir. Hann tekur tillit til lesenda og velur málfar og innihald sem hentar tilgangi og markhópi. Nemandi nýtir gagnlegar aðferðir við að stafsetja erfið orð og stafsetur flest orð rétt.

Samræða, tjáning og hlustun

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn
Tjáir sig skýrt og áheyrilega og gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Ræða um hvernig mismunandi tilgangur og aðstæður kalla á ólíka tjáningu, s.s. hvað varðar tónhæð, málsnið og orðaval.
Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar og heldur athygli áheyranda, s.s. með viðeigandi áherslum og látbragði.	Skapa nemendum tækifæri til að æfa raddbeitingu, framburð og raddstyrk, s.s. í leikrænni tjáningu og upplestri.
Getur flutt undirbúið efni og haldið athygli áheyranda.	Hvetja nemendur til að tala skýrt og veita þeim leiðbeinandi endurgjöf.
Getur endursagt og/eða lesið upphátt fjölbreytt efni með viðeigandi látbragði og áherslum.	Æfa nemendur í að segja frá hugmyndum sínum í rökréttu samhengi og í ákveðnum tilgangi.
Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun
Tekur virkan þátt í samræðum, rökstyður hugmyndir sínar og beitir gagnrýnni hugsun.	Æfa nemendur í að finna og túlka flóknar upplýsingar úr töluðu máli.
Tekur þátt í samræðum um málefni líðandi stundar við bekkjarfélaga, s.s. á bekkjarfundum.	Leiðbeina nemendum um hugtök tengd málnotkun og hvetja til notkunar á þeim, s.s. <i>látbragð</i> , <i>líkamsbeiting</i> og <i>svipbrigði</i> .
Spyr spurninga til að fá upplýsingar, útskýringar og rökstuðning.	Samræður, samskipti og hlustun
Hlustar af athygli í töluverðan tíma.	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að taka virkan þátt í samræðum og fá þá til að tjá skoðanir sínar og rökstyðja hugmyndir sínar.
Beitir þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er.	Skapa nemendum tækifæri til að þróa, endurbæta, nota og tileinka sér nýjan orðaforða.
Getur hlustað og greint aðalatriði frá aukaatriðum.	Styðja nemendur við að setja sér markmið og veita endurgjöf þegar nemendur æfa sig með mismunandi þætti samræðunnar.
Hlustar á, skilur og sækir upplýsingar frá ólíkum miðlum, s.s. útvarpi, sjónvarpi og á vef.	Leggja áherslu á að samskipta og samræðureglum sé fylgt, s.s. að halda sig við umræðuefni, skiptast á að tala og hlusta af athygli.
Leggur mat á eigin frammistöðu og frammistöðu samnemenda, hvað varðar tjáningu og hlustun, út frá gefnum viðmiðum.	Leiðbeina um aðferðir til að bregðast við ef samskipti ganga erfiðlega eða upp kemur ágreiningur, s.s. útskýra málsatvik og endursegja.
	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að hlusta á fjölbreytt mál, t.d. í útvarpi, sjónvarpi og á vef.
	Aðstoða nemendur við að setja sér markmið um tjáningu og hlustun í samræðum og námi, setja með þeim viðmið um árangur og veita leiðbeinandi endurgjöf.



Lestur og lesskilningur

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	Lesfimi
Les fyrirhafnarlitið og með góðu flæði.	Styrkja áhugavötu nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni.
Þekkir orð og orðhluta sem heildir og nýtir sér það við lesturinn.	Lesfimi
Beitir tjáningu og raddstyrk við túlkun texta.	Efla þekkingu á rithætti orða, s.s. út frá skyldleika og notkun stafsetningarreglna.
Skilningur	Skilningur
Getur útskýrt hvernig tilgangur höfundar birtist í megininntaki og visbendingum í texta.	Halda áfram að byggja upp sjónrænan orðaforða nemenda með orðarýni, orðalistum, leifturspjöldum, spilum og leikjum.
Gerir sér grein fyrir að gildi, viðhorf og skoðanir lesanda hafa áhrif á túlkun hans á texta.	Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inn í með einstaklingsmiðaðri kennslu.
Gerir sér grein fyrir þeim áhrifum sem ólíkur still og orðanotkun getur haft, s.s. mótsagnir, fullyrðingar, skoðanir, viðhorf, samheiti eða gildishlaðin orð.	Aukin áhersla á hljóðlestur og tækni við að auka hraða í hljóðlestri.
Nýtir fyrri þekkingu og reynslu til skilnings, t.d. út frá þekkingu á byggingu, skipulagi, orðaforða, málfræði og málvenjum.	Skilningur
Notkun texta/aðferðir	Notkun texta/aðferðir
Metur á gagnrýnninn hátt hversu viðeigandi texti er með tilliti til tilgangs og lesenda.	Halda áfram að kenna nemendum að aðgreina augljósar upplýsingar og þær sem gefnar eru í skyn með visbendingum.
Gerir sér grein fyrir áhrifum uppbyggingar og framsetningar texta, t.d. fræðitexta, skáldsögur, myndir, töflur og gröf.	Ræða hvernig lesendur bregðast við og túlka texta á ólíkan hátt eftir þekkingu, reynslu og sjónarhorni þeirra.
Velur og notar fjölbreyttar lesskilningsaðferðir.	Ræða hvaða aðferðir höfundar nota til að ná til ákveðins markhóps.
Les sér til ánægju og fróðleiks og miðlar þeim áhrifum sem texti hefur á hann.	Skapa nemendum tækifæri til að setja sig í spor höfundar og sjá heiminn með hans augum.
	Halda áfram að byggja upp orðaforða, s.s. sjaldgæf orð og orðaforða námsgreina með orðarýni, orðalistum, spilum og leikjum.
	Leggja áherslu á endurbirtingu flókinnar hug-taka og gefa nemendum tækifæri til að vinna með þau í ólíku samhengi.
	Notkun texta/aðferðir
	Skapa nemendum tækifæri til að lesa, ræða og rýna í fjölbreytta texta.
	Kenna nemendum að greina hlutverk mismunandi orðanotkunar, uppbyggingar og blæbrigða máls í fjölbreyttum textum.
	Halda áfram að efla færni nemenda í að rýna í orð og texta.
	Vinna markvisst með fjölbreyttar lesskilningsaðferðir, s.s. gagnvirkan lestur, kortagerð af ýmsu tagi, ritunarramma, samræður og orðanámsaðferðir.
	Halda áfram að kenna nemendum að finna, meta og velja texta á gagnrýnninn hátt.
	Vera sterk fyrirmynd varðandi lestrarhegðun og áhuga á bókum og öðru lesefni.

Ritun/miðlun

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttitun	Skrift og réttitun
Hefur tileinkað sér persónulega rithönd.	Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og ritun óhljóðréttra orða.
Þekkir og nýtir sér helstu stafsetningarreglur.	Efla meðvitund nemenda um stafsetningu með því að skoða og greina orð í tengslum við ritun nemenda og kenna helstu stafsetningarreglur.
Hefur tileinkað sér og fylgir helstu reglum um greinarmerkjasetningu.	Halda áfram að vinna með greinarmerki.
Nýtir sér ritvinnsluforrit af öryggi.	Veita nemendum tækifæri til að þróa rithönd sína og auka öryggi í innslætti á lykllaborð.
Textagerð	Textagerð
Hefur vald á ritun fjölbreyttra textategunda.	Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig setja má texta snyrtilega upp, nota fyrirsagnir og mismunandi leturstærð eða gerð til að draga fram ákveðin atriði í textanum.
Setur hugmyndir og upplýsingar skýrt og skilmerkilega fram í texta.	Textagerð
Notar fjölbreyttan orðaforða sem hæfir markmiðum og lesendum hverju sinni.	Skapa nemendum tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekna lesendur.
Er meðvitaður um uppbyggingu texta. Skiptir texta í inngang, meginmál og lokaorð þegar við á.	Hvetja nemendur til að skrifa frá eigin brjósti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl.
Tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum.	Hvetja nemendur til að útskýra ákvarðanir sínar um framsetningu texta, s.s. hvað varðar orðanotkun og hvaða upplýsingar og hugmyndir eru hafðar með eða sleppt.
Gerir sér grein fyrir muninum á formlegu málsniði og óformlegu málsniði.	Veita nemendum tækifæri til að nota ritun til að tjá sig um og færa rök fyrir eigin skoðunum á málum sem þeim þykja mikilvæg.
Byggir efnisgreinar upp samkvæmt hefð, s.s. byrjar efnisgrein á inngangssetningu og fylgir henni eftir með frekari upplýsingum.	Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnastr nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni.
Aðferðir	Aðferðir
Ræðir og skipuleggur hugmyndir áður en ritun hefst, s.s. með því að búa sér til efnisgrind.	Sýna hvernig uppbygging málsgreina hefur áhrif á röklegt samhengi og skýrleika í texta, s.s. með því að brjóta upp of langar málsgreinar og nota viðeigandi tengingar.
Skipuleggur ritun á margvíslegan hátt, notar t.d. hugtakakort og ritunarramma.	Leiðbeina um uppsetningu og skipulag ólíkra textategunda, s.s. hvað varðar málnotkun og framsetningu.
Viðar að sér upplýsingum úr ýmsum áttum og nýtir í eigin texta.	Aðferðir
Nýtir þekkingu sína á uppbyggingu mismunandi textategunda og velur birtingarform sem kemur til móts við sett markmið og þarfir lesenda.	Halda áfram að kenna nemendum að skipuleggja ritun sem ferli, s.s. að búa sér til efnisgrind og/eða skrá skipulega niður meginhugmynd á blað eða rafrænan hátt.
Getur gagnrýnt og lagfært eigin texta með hliðsjón af matsvarða.	Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja megi ritun fram miðað við markmið og fyrirhugaða lesendur, s.s. á vef, glærum og veggspjöldum.
Nýtir sér með aðstoð hjálpargögn eins og orðabækur, uppflertirit og leiðréttingarforrit.	Kenna nemendum að finna og vinna með upplýsingar í textum, s.s. að nota leitarvélur og meta áreiðanleika heimilda.
Getur vísað til heimilda og sett í heimildaskrá í sinni einföldustu mynd.	Kenna nemendum að lesa yfir og lagfæra eigin texta, s.s. með umræðum um innihald, skipulag, stíl og málsnið.
	Leiðbeina nemendum um notkun hjálpargagna við ritun, s.s. orðabóka, uppflertirita og leiðréttingaforrita.
	Ræða við nemendur um ritun þeirra, hjálpa þeim að ígrunda ferli og afrakstur ritunar og gefa leiðbeinandi endurgjöf.
	Hvetja nemendur til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun.
	Sýna nemendum hvernig ber að vísa til heimilda.

